

Hafnarfjörður 19. janúar 2023

**Efni: minnisblað sveigjanleiki í starfi mál númer 2210304**

Svar við bókun frá fulltrúa grunnskólakennara lögð fram í fræðsluráði 19. október 2022 um kjarasamning grunnskólakennara og sveigjanleika í starfi.

Í kjölfar erindis sem lagt var fram á fræðsluráðsfundi þann 19. október boðaði aðstoðarmaður sviðsstjóra fund með grunnskólastjórum til að kanna hvernig fyrirkomulag hjá grunnskólum Hafnarfjarðar er háttað þegar kemur að viðveru grunnskólakennara, sveigjanleika í starfi og ákvæði kjarasamnings sem tók gildi 1. janúar 2022.

**Á fundi með skólastjórum grunnskóla Hafnarfjarðar kom eftirfarandi fram:**

Skólastjórar grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar héldu samráðsfund um viðmið um staðbundna og óstaðbundna vinnu grunnskólakennara við skipulag skólaársins 2022 – 2023 með það að markmiði að samræma grundvallarviðmið á milli grunnskóla hjá Hafnarfjarðarbæ hvað varðar viðveru á starfsstöð, þ.e. í skólum, og sveigjanlegan vinnutíma. Fyrirkomulag þetta grundvallast á kjarasamningi grunnskólakennara þar sem segir:

**2.1.6.1 Vinnuskylda kennara**

*Vinnuskylda kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Á 37 vikna starfstíma skóla er vikuleg vinnuskylda hans 42,86 klst. Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma í samráði við kennara. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.*


Skólastjórar kynntu grunnskólakennurum viðmið um viðveru grunnskólakennara í Hafnarfirði fyrir upphaf skólaársins 2022 – 2023. Í starfsmannasamtölum milli kennara og stjórnanda í grunnskólum Hafnarfjarðar gera skólastjórnendur og kennarar með sér frekari samkomulag um tilhögun á vinnutíma kennara líkt og segir í kjarasamningi:

**Grein 2.1.6.4 Sveigjanleiki til fjarvinnu**

*Ákvæði um sveigjanleika til fjarvinnu fær greinarnúmer 2.1.6.4. Í greininni er vísað í skýringarákvæði við grein 2.5.5 um vinnuskýrslu þar sem bætist við sérstakur skýringatexti um gagnkvæman sveigjanleika og að tími til undirbúnings og úrvinnslu kennslu sé tryggður.*

**Niðurstaða athugunar:**

Að lokinni athugun máls um hvort brotið sé á kjarasamningi við kennara verður ekki séð annað en að kjarasamningur við kennara sé virtur.



## HAFNARFJÖRÐUR

Að lokinni athugun á ósamræmi á milli skóla hvað varðar fyrirkomulag sem snýr að viðveru kennara leiðir athugun máls til kynna að ekki sé ósamræmi á milli skóla umfram það sem eðlilegt þykir að sé ólíkt milli starfsstöðva. Lögð er á áhersla á að skólastjórnendur og starfsfólk skóla hafi umboð til þess að móta menningu í hverjum skóla fyrir sig. Hvað varðar ósamræmi milli skóla innan sveitarfélaganna var horft til annarra sveitarfélaga við skilgreiningu á viðmiðum um staðbundna og óstaðbundna vinnu.

Núverandi kjarasamningur gildir til 31.mars.

Samkvæmt bókun 1 verður á gildistíma kjarasamnings starfræktur sérstakur innleiðingarhópur samningsaðila sem hefur það hlutverk að vera kennurum og sveitarfélögum til stuðnings við útfærslu ákvæða um gagnkvæman sveigjanleika.

Vettvangur til að taka til frekari umræðu ágreining um túlkun kjarasamnings grunnskólakennara er hjá FG (Félagi grunnskólakennara) og SNS (Samstarfsnefnd Sambandsins).

Hrund Apríl Guðmundsdóttir  
Aðstoðarmaður sviðsstjóra,  
Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar